

Til utanríkismálanefndar alþingis 12. desember 2022

Lögbinda ber ábyrgðarhlutverk Landhelgisgæslu Íslands

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd alþingis birti 31. maí 2022 álit sitt á úttekt ríkisendurskoðunar á verkefnum og fjárreiðum Landhelgisgæslu Íslands (LHG) frá janúar 2022.

Ríkisendurskoðun bendir á að nú sinni LHG viðamiklum og stækkandi varnartengdum verkefnum á grundvelli þjónustusamnings milli utanríkisráðuneytisins og LHG með aðild dómsmálaráðuneytisins. Í skýrslunni segir að taka þurfi „til skoðunar“ hvort það fyrirkomulag tryggi að „ábyrgðarkeðja sé skýr, bæði í faglegum og fjárhagslegum skilningi“. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd alþingis staðfestir í áliti sínu að „vægi og umsvif varnarmála“ hafi aukist í starfsemi LHG undanfarin ár og ekki sé „útlit fyrir annað en að sú þróun haldi áfram, sérstaklega í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu“.

Tekur nefndin undir þá tillögu ríkisendurskoðunar að áður en gildistími núverandi samnings rennur út, 31. desember 2026, „verði tekið til skoðunar hvort gerð þjónustusamnings um jafn viðamikil verkefni sé farsæl leið að því marki að skýr ábyrgðarkeðja í faglegum og fjárhagslegum skilningi sé tryggð“. Hvergi er mikilvægara en á sviði varnar- og öryggismála að „ábyrgðarkeðjan“ sé skýr. Af skýrslu ríkisendurskoðunar og áliti stjórnkerfis- og eftirlitsnefndar alþingis verður ráðið að ekki dugar lengur að skilgreina hlutverk LHG vegna varnartengdra verkefna með þjónustusamningi.

Reynslan sýnir að það fellur vel að starfsemi LHG að sinna varnartengdum viðfangsefnum. Nú ber að lögfesta þetta hlutverk LHG og nota tímann til 2026 til að ljúka því verkefni. Í skýrslu ríkisendurskoðunar er aðkoma LHG skilgreind of þröngt, rætt er um „rekstrartengd“ verkefni en ekki þau sem snúa að þátttöku í flotaæfingum eða þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi flota sem snýr að vörnum Norður-Atlantshafs. Skipulag og starfsemi LHG svipar til þess sem er meðal helstu samstarfsþjóða auk þess sem meginhlutverk gæslunnar, eftirlit ásamt leit og björgun í hafi, er á verksviði hermálayfirvalda nágrannalandanna. Tímabært er að taka af skarið um nýtt hlutverk LHG með lögum í stað þjónustusamnings.

12. desember 2022



Björn Bjarnason